

Bæjarráð Garðabæjar

Efni: Fyrirspurn bæjarfulltrúa Steinþórs Einarsson

„Hver hefur verið þróunin á tekjuviðmiði vegna sérstakra húsaleigubóta frá því að þær voru teknar upp í Garðabæ árið 2013?“

Svar:

Á árinu 2013 samþykkti bæjarstjórn Garðabæjar reglur um sérstakar húsaleigubætur sem kveða á um fjárstuðning til greiðslu húsaleigu til viðbótar við almennar húsaleigubætur. Í 3. gr. reglnanna koma fram tekju- og eignaviðmið sjá nánar hér að neðan. Reglurnar voru settar á grundvelli laga um húsaleigubætur nr. 138/1997.

Ný lög um húsnæðisbætur nr. 75/2016 tóku gildi 1. janúar 2017 og með þeim var gerð breyting á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga en samkvæmt 2. mgr. 45 gr. þeirra laga skulu sveitarfélög veita sérstakan húsnæðisstuðning í samræmi við nánari reglur sem sveitarstjórn setur.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi 15. desember 2016 í samræmi við ofangreint ákvæðið reglur um sérstakan húsnæðisstuðning. Í 5. gr. þeirra reglna koma fram tekjuviðmið varðandi rétt til greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings, sjá hér að neðan.

	2013	2017	
Tekjumörk		Neðri mörk	Efri mörk
Hjón	2.516.000 kr.	4.100.000 kr.	5.125.000 kr.
Einstaklingur	2.149.000 kr.	3.100.000 kr.	3.875.000 kr.